



Fundur skólanefndar FVA

22. mars 2023 kl. 16:00

Viðstödd fundinn:

Ellert Jón Björnsson

Sædís Alexía Sigurmundsdóttir

Ragnheiður Helgadóttir

Jóhanna M. Þorvaldsdóttir var með í fjarfundi

Friðmey Ásgrímsdóttir

Þórdís Eva Rúnarsdóttir var með í fjarfundi

Dröfn Guðmundsdóttir

Steinunn Inga Óttarsdóttir

1. Skýrsla um ytra mat á skólanum

Steinunn fór yfir ytra matið. Farið var yfir styrkleika og veikleika í matinu. Ráðuneytið er að móta aðgerðarplan.

Skólinn hefur þegar betrubætt nokkur atriði sem komu þarna fram.

Rætt um tölumálin í framhaldi af skýrslunni: Skólanefnd styður að á næsta skólaári sé tölva hluti af námsgögnum sem nemendur þurfa að búa yfir. Undirbúa þarf slíkt mjög vel með breyttum kennsluháttum og kennarar þurfa að endurmennta sig. Eins kom upp hugmynd að fá tilboð í tölvukost fyrir nemendur, skólinn sér um það þegar þar að kemur.

Umræða um verkefni fyrir ungmenni, þe iðnnámið í skólanum er frekar karllægt.

Umræða um fjölbreytni í námsframboði, hverju væri hægt að bæta við, sem dæmi málarañn, hárgreiðslu, félagsliða og snyrtinám. Skólameistari sagði að búið væri að skoða málaraiðñ (kennara vantaði en nú er hægt að taka þetta í fjarnámi í TS), félagsliða (lítill aðsókn) það þyrfti að lágmarki 12 manns á ári til þess að hafa braut í háriðñ og snyrtifræði starfhæfa og til að standa undir kostnaði.

2. Stofnun ársins, niðurstöður



Fjölbrotaskóli Vesturlands
á Akranesi

Steinunn kynnir niðurstöður FVA um stofnun ársins. Niðurstöðurnar voru mjög áþekkar og síðast eða um 4,21 að meðaltali.

Spurning um launin gefur alltaf lág stig og eru þau alveg áberandi með lægstu niðurstöðum. Spurning hvaða skilning svarendur leggja í þetta, launin hafa sannarlega hækkað og kjörin batnað.

Umræða um sveigjanleika í vinnu út frá fríum, sú spurning kemur heldur ekki nógu vel út. Bent á að í kennslu er í senn bundin viðvera skv stundatöflu en annars mikill sveigjanleiki, er hann þá einskis metinn? Skólameistari hefur verið að sýna sveigjanleika til starfsfólks með frí.

Heilt yfir mjög góðar niðurstöður, margt upp á við og verið að vinna með niðurstöðurnar og betrubæta vinnuumhverfið.

Skólameistari mun halda vinnustofu með starfsfólki í haust um þessar niðurstöður og kortleggja atriði til betrubóta.

3. Stefnumótun í FVA, hugarfrelsi og lýðræðisfundur nemenda

Góðir stefnumótunarfundir voru nýlega ásamt lýðræðisfundum með nemendum. Núna er verið að vinna með niðurstöðurnar og verður unnið áfram með það í maí á starfsdögnum. Skýr áhersla að allir fái að taka þátt í þessu til þess að allir nái eignarhaldi á stefnunni.

Lýðræðisfundurinn gekk ágætlega, en algengt að það eru bara nokkrir sem taka þátt og tala á meðan aðrir segja minna, erfitt að fá nemendur til að segja sína skoðun.

4. Önnur mál

- a. Kennslukönnun, upplifun eins og það sé ekki að skila sér til hins betra. Skólameistari sagði að nú væri vel unnið með þetta milli kennara og stjórnenda með snerpusamtölum, handleiðslu og eftirfylgni.

Ef það er mikið fall í áfanga þá eru slík mál mjög vel skoðuð með deildarstjóra og kennara.

- b. Með breyttum kennsluháttum eins og skólinn vill stefna á, þá þyrfti skólinn að mæta þeirri þörf með þjálfun og fræðslu til kennara eða að kennarar fari í endurmenntun sem er hluti af þeirra starfsskyldum (hafa 80 klst á ári til þess). Kennarar þurfa að fá slík námskeið til að vera uppfærðir og geta breytt til. Skólanefnd telur langeðlilegast að kennarar noti endurmenntunartímamann í þjálfun og fræðslu og skólinn leggi síðan aukinn stuðning og fjármagn til eins og þarf.
- c. Upplýsingatækni þyrfti að vera meðal skyldunámsgreina fyrir nemendur, læra á Office forrit, setja upp efnisyfirlit, búa til heimildaskrá, ferilskrár o.s.frv.



Fjölbrotaskóli Vesturlands
á Akranesi

- d. Umræða um tölfraeðikennslu. Mikið fer fram á pappír en ætti að vera hreinlega í Excel.
- e. Námsmat er ekki samræmt milli kennara og námsgreina, þannig að það er mjög mikið álag á nemendur á sömu dagsetningunum.
- f. Friðmey forseti NFFA sagði okkur frá viðburði hjá leiklistarklúbbum Melló sem er í uppsiglingu, “Hlið við hlið” sem er söngleikur byggður í kringum tónlist eftir Friðrik Dór. Frumsýning 15. apríl og lágmark 6 sýningar. Það eru um 40 ungmenni sem taka þátt. Skólanefnd hvött til að mæta, miðasala á netinu!

Fundur slitið kl. 17:15.

Fundargerð ritaði Sædís Alexía